

Sveitarfélagið Árborg
b.t. Helgu Maríu Pálsdóttur bæjarritara
Ráðhúsi Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Selfossi, 18. ágúst 2022

**Beiðni um samþykki fyrir sölu leigulóðarréttinda
Tryggvagata 10-12, Selfossi (F2340661 / L175491)**

Sigtún Þróunarfélag ehf., kt. 551012-1310, (hér eftir „SP“) er lóðarhafi lóðarinnar að Tryggvagötu 10-12, Selfossi, samkvæmt leigulóðarsamningi, dags. 20. júní 2022, í samræmi við samning SP og Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 28. júlí 2018, og viðauka við þann samning, dags. 2. júní 2020. Þessi lóð hefur verið nefnd „Sigtúnsreitir“.

SP er að ganga frá sölu leigulóðarréttinda lóðarinnar til JÁVERK ehf., kt. 701292-4809, (hér eftir „JÁVERK“) í samræmi við efni kauptilboðs hlutaðeigandi. Kaupsamningur verður undirritaður að fengnu samþykki Sveitarfélagsins Árborgar fyrir sölu og framsali réttar til lóðarinnar.

JÁVERK mun annast alla uppbyggingu og framkvæmdir innan marka lóðarinnar í samræmi við deiliskipulag fyrir Miðbæ Selfoss samþykkt 8. júlí 2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 27. ágúst 2021. Áformað er að byggja þar 78 íbúða fjölbýlishús með bílakjallara. Byggingaráform JÁVERK voru samþykkt 2. mars 2022 og hefur byggingarleyfi verið gefið út.

JÁVERK mun jafnframt taka að sér framkvæmdir á bílastæðalóðinni Austurvegur 8a (L233931). Á lóðinni er samkvæmt gildandi deiliskipulagi gert ráð fyrir bílastæðum sem þjóna mun skrifstofu- og atvinnuhúsnæði nr. 6, 8 og 10 við Austurveg. JÁVERK mun annast um gerð bílastæða og framkvæmda á lóðinni og tekur við réttindum og skyldum samkvæmt samningi SP við eigendur fasteigna við Austurveg 6, 8 og 10, dags. 20. maí 2022. SP mun ásamt JÁVERK leggja til bráðabirgðalausn á bílastæðum, meðan á framkvæmdum stendur, á lóð SP við Austurveg 20, Selfossi (L161849).

JÁVERK hefur eftirlit með greindum framkvæmdum og verður í samskiptum við fulltrúa sveitarfélagsins þar sem við á.

Skuldbindingar SP samkvæmt samningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg og viðauka við þann samning eru að öðru leyti óbreyttar.

Með vísan til framangreinds og 5. gr. samnings SP og Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 28. júlí 2018, og viðauka við þann samning, dags. 2. júní 2020, er óskað eftir að sveitarfélagið veiti samþykki sitt fyrir sölu SP á leigurétti sínum og framsali á lóðinni að Tryggvagötu 10-12, Selfossi, til JÁVERK.

Virðingarfyllst,

F.h. Sigtúns Þróunarfélags ehf.:



Leó Árnason

Leo@sigtun.is

F.h. JÁVERK ehf.:



Gylfi Gíslason

Gylfi@javerk.is